

aláfrýjandi, hafi gefið umboðsmanni sínum í Aberdeen um greiðslur til A. & M. Smith vegna nefndra salt-sendinga.

Aðiljar skulu leiddir saman og spurðir um ósamræmi, er verða kann í skýrslum þeirra, og loks skulu þeir inntir eftir öllum þeim atriðum, er svör þeirra kunna að gefa efni til málinu til skýringar.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að kveðja aðilja máls þessa fyrir dóm og beina til þeirra framangreindum spurningum svo og öðrum þeim spurningum, sem svör þeirra kunna að gefa efni til.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1943.

Nr. 63/1942. **Lúðvík Sigmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Ísafold Jónsdóttur (Einar Ásmundsson).

Um skuldaskipti vegna leigu húsrýmis.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður, Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. júní 1942, krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða honum kr. 332.90 með 5% ársvöxtum frá 10. nóv. 1941 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kröfuliðir áfrýjanda verða athugaðir hér í sömu röð og í héraðsdómi.

Um 1. Hér fyrir dómi hefur ekki verið gerð frekari grein en í héraði fyrir kostnaði við upphitun og kyndingu húss áfrýjanda frá 1. júní til 8. okt. 1941. Þykir því verða að sitja við niðurstöðu héraðsdóms um þenna lið.

Um 2. Með skirskotun til raka héraðsdómara ber að staðfesta niðurstöðu hans um þenna kröfulið.

Um 3. Þenna lið reisir áfrýjandi á vottorðum tveggja manna, er skoðuðu íbúðina um miðjan október 1941 eftir beiðni hans. Stefndu var ekki gefinn kostur á að vera viðstödd skoðun þessa og gæta þar réttar síns. Þegar af þeirri ástæðu þykir mat þessara manna ekki vera bindandi fyrir stefndu gegn mótmælum hennar, og ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms, að því er þenna lið varðar.

Um 4. Gegn mótmælum stefndu eru engar sönnur á það færðar, að hún hafi vanrækt þvott á útigangi að sínum hluta. Verður því að sýkna af þessum lið, eins og gert er í héraðsdómi.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu kr. 300 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lúðvik Sigmundsson, greiði stefndu, Ísafold Jónsdóttur, kr. 300.00 í málskostað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. marz 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. nóvember 1941, af Lúðvik Sigmundssyni, Skarphéðinsgötu 16 hér í bæ, gegn Ísafold Jónsdóttur kaupkonu, Vífilsgötu 19 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 373.40, með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Í rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína um kr. 40.50, eða í kr. 332.90.

Stefnd krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda gegn því að greiða kr. 30.00.

Atvik máls þessa eru þau, að með ódagsettum samningi, líklega gerðum árið 1938, seldi stefnandi stefndri á leigu íbúð í húsi sínu

Skarphéðinsgötu 16. Var íbúðin 2 stofur og eldhús auk baðs, geymslu og aðgangs að þvottahúsi. Leigan skyldi greiddast fyrirfram, en hiti eftir á hlutfallslega við aðra íbúa hússins.

Þann 1. október 1941 skyldi stefnd flytja úr íbúðinni, en sökum þess, hvernig á stóð um íbúð þá, er hún skyldi flytja í, var henni lítt eða ekki mögulegt að rýma íbúðina þann dag. Rýmdi hún þó aðra stofuna, og flutti strax í hana kona manns þess, er íbúðina skyldi fá á eftir stefndri. Er svo að sjá sem ekki hafi verið amazt við því, að stefnd flutti ekki strax úr allri íbúðinni, enda mun maður sá, er í hana átti að flytja, af vissum ástæðum ekki hafa getað flutt í hana fyrr en síðar. Var stefnd af þessum ástæðum kyrr í íbúðinni, þ. e. annari stofunni og eldhúsinu, er hún hafði ein til 8. október 1941, en þá rýmdi hún íbúðina alveg.

Ekki gátu málsaðiljar orðið sáttir um skipti sín, og höfðaði stefnandi því mál þetta, er hann gerir í framangreindar kröfur.

Sundurgreinist stefnukrafan þannig:

1. Kol og kynding	kr. 67.90
2. Húsaleiga fyrir október	— 75.00
3. Hreingerning og viðgerð	— 120.00
4. Þvottur á útigangi að hálfu í 3 ár	— 70.00
	Kr. 332.90

Um 1. Líður þessi er með öllu örökstuddur og án allra fylgiskjala og reikningslegrar greinargerðar. Er því ekki unnt að taka hann til greina að fullu gegn andmælum stefndrar.

Samkvæmt nótu, dagsettri 23. september 1941, sem fram er lögð í málinu, keypti stefnandi 500 kg af kolum þann dag fyrir kr. 74.00. Þykir verða að ætla, að þá hafi eldri birgðir verið þrotnar og að stefnd hafi því a. m. k. ekki verið búin að greiða hitakostnað lengur en til þess dags. Ber því að gera henni að greiða stefnanda hitakostnað frá þeim degi til 8. október 1941, og þykir upphæð hans með tilliti til allra atvika hæfilega ákveðin kr. 35.00.

Um 2. Samkvæmt húsaleigusamningnum og að viðbætti lögheimilaðri vísutöluhækkun nam leigan fyrir alla íbúð stefndrar kr. 105.45 á mánuði. Þykja því fyrrgreind afnot stefndrar af íbúðinni frá 1.—8. október, þ. e. eftir að hún rýmdi aðra stofuna, hæfilega endurgoldin með kr. 30.00, en þá upphæð hefur hún boðið fram sjálf sem hæfilega greiðslu.

Um 3. Þenna kröfulið byggir stefnandi á því, að stefnd hafi vanrækt að gera íbúðina hreina, er hún flutti úr henni, auk þess sem hún hafi valdið skemmdum á múrveggjum íbúðarinnar með því að reka í þá nagla, er hafi sprengt út frá sér allstórar holur í múrinn.

Það má telja sannað í málinu, að allstórar holur hafi verið í múrveggjum íbúðarinnar, þegar stefnd flutti úr henni. Hins vegar er ekki

sannað, að stefnd hafi átt sök á þessum skemmdum, enda er því haldið fram af henni, að þær hafi verið eftir fyrri leigjendur.

Sannað er einnig, að stefnd lét gera íbúðina hreina, áður en hún flutti úr henni, en hins vegar má einnig telja sannað, að sú hrein-gerning hafi ekki verið nægilega vel af hendi leyst. Þó verður ekki séð, að íbúðin hafi verið gerð hrein aftur um haustið, heldur virðist hafa verið látið sitja við svo búið.

Þykir af þessum ástæðum ekki unnt að taka þenna kröfulið til greina að neinu leyti.

Um 4. Gegn andmælum stefndu er ekki sú grein gerð fyrir þessum lið, að unnt sé að taka hann til greina, enda föst venja, ef húseigandi sér um slíkan þvott fyrir leigjanda, að greiðsla fyrir hann sé innt af hendi mánaðarlega.

Verða málalok því þau samkvæmt framansögðu, að stefnd verður dæmd til að greiða stefnanda kr. 65.00 með 5% ársvöxtum frá 10. nóvember 1941 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Ísafold Jónsdóttir, greiði stefnandanum, Lúðvík Sigmundssyni, kr. 65.00 með 5% ársvöxtum frá 10. nóvember 1941 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. febrúar 1943.

Nr. 130/1942. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

James Darkins (Lárus Fjeldsted).

Brot gegn lögum nr. 5/1920.

Dómur hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, var dufli varpað frá varðskipinu í kjölfar togarans kl. 23.55 þann 19. nóv. 1942 og samtímis gerð staðarákvörðun til bráðabirgða, er reyndist þessi: Vatnsnesviti í Hólmbergstá til Garðskagavita 70°. Kom kærði síðan um borð í varðskipið og var þar sýnd staðarákvörðun þessi. Taldi hann sig þá ekki geta mótmælt henni, og síðar hefur hann fyrir dómi viðurkennt bráða-